



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 10. feb 2021  
Tilvísun: 202101-0038

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (hvatar til fjárfestinga).**

Alþýðusambandinu hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt sem felur í sér að komið verði á hagrænum hvötum til fjárfestinga. Annars vegar er það gert með heimild til hraðari fyrningar eigna sem aflað er á árinu 2021. Hins vegar er það gert með sérstakri fyrningu umhverfissvænna eigna sem aflað er á árunum 2021-2022.

ASÍ tekur undir markmið frumvarpsins og gerir ekki athugasemd við hagræna hvata sem ætlað er að styðja við markmið Íslands í loftslagsmálum. Alþýðusambandið telur þó ástæðu að leggja áherslu á ábyrga ráðstöfun ríkisfjár við núverandi aðstæður og stöðu í ríkisfjármálum. Í því samhengi er nauðsynlegt að gagnsæi ríki um úrræði og þau séu tímabundin. ASÍ telur mikilvægt að *Skatturinn* birti upplýsingar um þá aðila sem nýta sér fyrningarálag og fjárhæð álagsins og að skatturinn hafi heimildir til að kalla eftir upplýsingum um að skilyrðum sé mætt.

f.h. Alþýðusambands Íslands  
Róbert Farestveit  
Hagfræðingur